



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. maí 2017

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), 376. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um málið sem annars vegar innleiðir tilskipun ESB um losun frá iðnaði og hins vegar markar upphaf að breytingu um útgáfu starfsleyfa og skráningarskyldu fyrirtækja.

Samtökin styðja að frumvarpið verði að lögum. Þau fagna því að í greinargerð er boðað að áfram skuli unnið að úrbótum á lögnum og sérstaklega á skipulagi eftirlits með atvinnustarfsemi. Samtökin eru reiðubúin til samstarfs um þá vinnu.

Samtökin áttu aðild að þeim starfshópum til undirbúnings frumvarpsins sem vísað er til í greinargerðinni og veittu umsögn til ráðuneytisins í febrúar 2016 um frumvarpsdrögin eins og þau lágu þá fyrir.

Um tilskipun 2010/75

Í tilskipuninni um losun frá iðnaði eru gerðar eru auknar kröfur um heildstæða nálgun umhverfismála og sett mörk fyrir losun mengandi efna frá fyrirtækjunum sem undir hana falla. Samtökin styðja að fyrirtækin horfi til umhverfisáhrifa af starfsemi í heild og takmarki þau eins og kostur er. Með innleiðingunni eru fyrirtækjum hér á landi tryggð sömu skilyrði og samkeppnisfyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í frumvarpinu er ætlunin að leiða í lög meginreglur um skyldur rekstraraðila sem auk þess að vera mikilvægar fyrir umhverfið eru nauðsynlegar til að tryggja farsælan og ábatasaman rekstur fyrirtækjanna.

Samtökin fagna þeirri breytingu að starfsleyfi verði ótímabundin með endurskoðunarákvæðum í stað þess að þau séu gefin út til tiltekins tíma. Í tilskipuninni eru engin ákvæði um að leyfin skuli tímabundin heldur eru ákvæði um að þau skuli endurskoðuð og uppfærð ef þörf er á. Í gr. 21(1) er þetta orðað svo: „*Member States shall take the necessary measures to ensure that the competent authority periodically reconsiders in accordance with paragraphs 2 to 5 all permit conditions and, wherenecessary to ensure compliance with this Directive, updates those conditions.*“

Ótímabundin starfsleyfi eru nauðsynleg fyrir fjárfesta og fyrir fjármögnun nýrrar starfsemi þar sem víska er nauðsynleg fyrir því að leyfi fái stöð og standi meðan áætlaður rekstartími starfseminnar varir. Þetta er einnig mikilvægt fyrir fyrirtæki þegar fyrir dyrum stendur sala fyrirtækisins, endurfjármögnun eða gerð stórra samninga. Dæmi eru um að ekki hafi tekist að endurnýja starfsleyfi fyrirtækja áður en þau hafa runnið út og þau þá starfað á einhvers konar undanþágu sem veldur erfiðleikum í markaðssetningu afurða, samskiptum við viðskiptavini fyrirtækjanna og fjármögnun rekstrarins.



Í frumvarpinu eru ný ákvæði um skyldur fyrirtækja þegar starfsemi er hætt (lokun svæðis). Hér er um að ræða nýjar og stóruauknar kröfur um frágang svæða, auk þess sem gera skal skýrslu um grunnástand áður en starfsemi hefst.

Starfsleyfi og skráningarskylda

Samtökin fagna því að koma eigi upp einni gátt hjá Umhverfisstofnun þar sem fyrirtækin skrá upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, fá leiðbeiningar um þær skyldur sem þau eiga að uppfylla og stefnt sé að því að einungis fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði þurfi starfsleyfi en í öðrum tilvikum nægi skráningin ein. Eftirlitsaðilarnir (11 talsins þ.e. Umhverfisstofnun og tíu sjálfstæð heilbrigðiseftirlitsumdæmi) fá upplýsingar um þá sem skrá sig og hefja síðan eftirlit samkvæmt lögum og reglum. Óheimilt verður að hefja starfsemi án skráningar.

Samtökin hafa lengi kallað eftir breytingu sem þessari. Þeir sem ætla að hefja rekstur fá upplýsingar á einum stað um skilyrði sem uppfylla þarf. Starfsleyfis hefur verið krafist hér fyrir mun fleiri fyrirtæki en tíðkast í nálægum löndum en þar hefur þróunin undanfarin ár verið sú að einfalda alla ferla við stofnun fyrirtækja án þess að slá af kröfum og skilyrðum sem þau þurfa að uppfylla í umhverfismálum. Engin hætta er á að þótt heilbrigðiseftirlitið hætti að gefa út starfsleyfi að fjárhagslegum grundvelli verði kippt undan þeirra starfsemi. Þau innheimta allan kostnað sem til fellur hjá rekstraraðilum og ef tekst að ná sparnaði með því að fækka leyfum þá er það vel.

Grænt bókhald (9. gr. frumvarpsins)

Samtökin leggja til að einungis þau fyrirtæki sem þurfa starfsleyfi verði krafín um grænt bókhald en ekki þau sem einungis eru háð skráningarskyldu. Bent er á að undir viðauka II – IV falla fjölmörg örmsmá fyrirtæki þar sem grænt bókhald er mjög íþyngjandi. Hér má nefna gæludýraverslanir, frystigeymslur, biðstöðvar leigubifreiða, skotvelli og tannlæknastofur.

Birting eftirlitsskýrslna (30. gr. frumvarpsins)

Samtökin gera ekki athugasemdir við að eftirlitsskýrslur séu birtar en leggja áherslu á að gætt sé að því að þar sé ekki að finna upplýsingar sem geta varðað viðskipaleyndarmál og að rekstraraðilar geti komið á framfæri athugasemdum áður en upplýsingarnar eru birtar.

Samtökin leggja til að ákvæði um umsagnarrétt rekstraraðila verði bætt við ákvæðið.

Minnt er á að á vinnslustigi í rekstri geta verið hugmyndir, hönnun, einkaleyfi og uppfinningar sem njóta verndar samkvæmt lögum og sé ekki gætt að, geta atriði þessu tengt birst í eftirlitsskýrslum án þess að það hafi þýðingu fyrir eftirlitið eða skipti máli samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frekari breytingar á eftirliti

Eins og áður hefur komið fram er því fagnað að í framhaldinu eigi að endurskoða skipulag eftirlitsins. Samtökin hafa lengi kallað eftir breytingum á skipulagi heilbrigðiseftirlits sem á uppruna sinn á fyrri hluta 20. aldar í áhyggjum af almennu heilbrigði Íslendinga, útbreiðslu smitsjúkdóma og óáran sem ónægri hollustu fylgir. Héraðslæknur og sveitarstjórnir var ætlað að fylgja lögum og reglum eftir og skyldu sveitarstjórnir kjósa heilbrigðisnefndir í þessu skyni. Löggjöfin heyrði undir heilbrigðisráðuneytið og yfirumsjón var í höndum landlæknis. Smám saman fækkaði heilbrigðisnefndum, þær voru 59 árið 1965 og þá var þeim heimilað að sameinast, ef þær voru innan sama læknishéraðs. En samkvæmt núverandi skipan í lögum eru þær tíu talsins. Nefndirnar eru sjálfstæðar og heyra ekki undir neina eina yfirstjórn.

Eins og kunnugt er þá fer fram gríðarlega umfangsmikill rekstur á vegum sveitarfélaganna þ.e. sorphirða, skólar, vatnsveitur, fráveitur, verklegar framkvæmdir og margt fleira mætti tína til. Með núverandi kerfi hafa sveitarfélögin sjálf, í gegnum heilbrigðiseftirlitið, eftirlit með því að öll þessi starfsemi uppfylli kröfur. Í ýmsum tilvikum er um að ræða samkeppnisrekstur þar sem alveg er óeðlilegt að sami aðili hafi með höndum umsjón með rekstrinum og eftirlit með honum. Hætta getur líka skapast að úrbótum t.d. á fráveitukerfi sé reynt að seinka með því að beina auknum kröfum að atvinnustarfsemi í sveitarfélagi. Hætta er einnig á að frestir til úrbóta, kröfur og almenn umfjöllun verði öðru vísi ef um fyrirtæki sveitarfélags er að ræða en ef um almennan rekstur er að ræða.



Samtökin hafa lagt til breytingar á skipulagi heilbrigðiseftirlits t.d. þannig að umdæmin verði mun færri en nú (2 - 3) en um leið verði unnt að fjölga verkefnum þeirra og þau tekið að sér eftirlit sem nú er sinnt af öðrum s.s. Neytendastofu, Vinnueftirliti, Fiskistofu og Matvælastofnun. Allt þetta eru samtökin reiðubúin að ræða í kjölfar þess að frumvarpið, sem nú er til meðhöndlunar, verði samþykkt.

Einnig gefst þá tækifæri til að taka upp aukið rafrænt eftirlit, gera það áhættumiðaðra, að þeir sem standa sig vel njóti þess í lægri eftirlitskostnaði o.s.frv.

Að lokum

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar markar ákveðin tímamót. Í fyrsta skipti í langan tíma er lögð til breyting til raunverulegrar einföldunar á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem þó mun ekki bitna á öryggi almennings né hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Heldur er í raun verið að einfalda aðgengi fyrirtæki að upplýsingum um skilyrði sem tiltekinn rekstur þarf að uppfylla. Einungis áhættumeiri rekstur mun þurfa starfsleyfi. Þetta er í góðu samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um opnari og aðgengilegri stjórnsýslu og einnig um betra rekstrarumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Samtökin ítreka að þau er tilbúin til áframhaldandi samstarfs við stjórnvöld um einföldun eftirlitskerfisins. Jafnframt er ítrekað að ekki er verið að fara fram á neinn afslátt af þeim efnislegu kröfum sem gerðar eru til fyrirtækjanna heldur einungis að stjórnsýslan og eftirlitið þróist í takt við tímann.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins